



FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS


RÆKTUN GRÆÐLINGA

Undirbúningur

Í *Frækorni* 1/96 var fjallað um klippingu og geymslu stiklinga. Þetta *Frækorn* er framhald af því og fjallar um ræktun græðlinga.

Eftir að stiklingarnir hafa verið klipptir eða teknir úr geymslu eru þeir settir í kalt vatn, þannig að 3/4 lengdarinnar séu í kafi. Gæta þarf þess vandlega að búntin snúi þannig að brumin snúi upp. Hæfilegur tími í vatnsbaðinu er yfirleitt 3-4 dagar. Stiklingarnir mega ekki vera svo lengi í vatninu að rætur myndist, en í lagi er þó örli fyrir litlum hvítum hnúðum á þeim.

Í vatnsbaðinu vökvafyllast stiklingarnir, sem auðveldar þeim að ræta sig þegar í mold er komið.



Búnt tekin úr geymslu



*Standa í vatni 3-4 daga
Ath. brum snúi upp!*

LÁTID FRÆKORNIN EKKI FJÚKA BURT

Safnið frækornunum saman í möppu.

Möppuna fáid þið fyrir 800 kr.

SKÓGRÆKTARFÉLAG
ÍSLANDS
SÍMI 551 8150

Ræktun

Tveimur aðferðum má beita við ræktun plantna upp af stiklingum. Forrækta þá fyrst við góð skilyrði og gróðursetja síðar eða stinga þeim beint á vaxtarstað.


FORRÆKTUN

Með forræktun er átt við að stinga stiklingum í beð eða pott þar sem hann er látinn ræta sig, vaxa og verða planta, tilbúin til gróðursetningar.


Undirbúningur

Best er að stinga stiklingunum í jörð eins snemma vors og hægt er vegna snjóa og jarðklaka. Velja á beð með frjósömum jarðvegi þar sem moldin er hæfilega myldin og rök. Einnig er mikilvægt að skjól sé gott. Þekja skal beðið með búfjárburði, sem síðan er tættur niður, helst árið áður en stiklingnum er stungið. Til mikilla bóta er að strengja dökkt plast yfir beðið, en það hindrar vöxt illgresis og heldur að raka. Nauðsynlegt er að vanda þennan undirbúning vel, því með þessu er verið að búa í hagginn fyrir plönturnar næstu 1-3 ár.

SVART PLAST STRENGT YFIR
OG FEST VEL



HÁUST




VIÐIR KLIPPTUR TIL HÁLF,
ÓSP KLIPPT NIÐUR

Stunga

Hversu þétt stiklingunum er stungið í beð ræðst af tegundum. Plássfrekum tegundum eins og alaskaósp og brúnum alaskavíði þarf að stinga með 25-30 cm millibili, en lágvaxnari víðitegundum má stinga með um 15-20 cm millibili. Séu stiklingarnir linir eða grannir er betra að stinga fyrir þeim með teini, en annars er þeim stungið beint niður. Sé þeim stungið niður í gegnum plast er gott að stinga gat á plasti áður. Stiklingunum á að stinga lítið eitt á ská niður í jörðina, því þá minnkar hættan á ofþornun. Eiga tvö lifandi brum að vera upp úr jörð og er ágætt að miða við að næst efsta brumið sé rétt ofan yfirborðs.

Forræktun í græðireit næsta haust



Plöntur róstungnar



Klipning

Þó plönturnar vaxi vel fyrsta sumarið og geti orðið nægilega stórar til gróðursetningar, er rötarkerfið full veikbyggt. Því er ráðlegt að klippa ofan af plöntunum eftir fyrsta sumarið og láta þær síðan standa óhreyfðar annað sumarið. Með því móti fást plöntur með eins árs sprota, en á tveggja ára röt. A viðplöntum er rúmlega helmingur árssprotans stýfður af og greinir plantan sig þá meira og verður þéttari. Asparplöntur eru klipptar alveg niður eftir fyrsta sumarið. Oft vaxa fleiri en einn sproti upp og eru aspirnar þá gerðar einstofna með því að klippa alla minni sprota burt og skilja einungis eftir þann kröftugasta. Þetta er gert að loknu öðru sumri.

Róstungna

Síðla sumars, áður en taka á plönturnar upp og gróðursetja, þarf að stinga í kringum þær með hvassri skóflu. Slík róstungna stuðlar að því að rötarkerfi plöntunnar þéttist og að auðveldara verður að ná upp hnaus þegar plantan er tekin upp að vori.

STUNGID BEINT Á VAXTARSTAÐ

Í mörgum tilvikum er hægt að stinga stiklingum beint á framtíðarstað. Með því sparast mikil vinna við upptöku plantna, flutning og gróðursetningu.

Stungið beint í útjörð án undirbúnings Hægt er að stinga stiklingnum í útjörð án undirbúnings, en árangur getur verið ærið misjafn. Mestu skiptir að stinga nógu snemma, eða strax og frost er farið úr jörðu, og velja staði sem eru nægjanlega rakir, en án samkeppnisgróðurs.

Stungið í undirbúið land

Þegar stinga á stiklingum er betra að undirbúa jarðveginn vel, annars er hætta á samkeppni við annan gróður og að vöxtur verði lítil. Stinga á holu, blanda húsdýraaburði saman við jarðveginn og þjappa lauslega þannig að holan verði sléttfull. Að því loknu er stiklingnum stungið niður.

Stungið í skjólbelti

Í skjólbeltarækt er farið eins að við undirbúning lands, stungu og klippingu og lýst var við forræktun. Millibilið á hins vegar að vera meira, eða um 50 cm. Grófum afbrigðum víðis eins og brúnum alaskavíði má stinga gisnara.



Stungið á framtíðarstað

Upptaka plantna


Víðiplöntur eru yfirleitt tilbúnar til upptöku og gróðursetningar á þriðja vori, þá að lokinni forræktun í tvö sumur. Asparplöntur eru það einnig, en þó er yfirleitt í lagi að þær standi í stiklingabeðinu lengur.

Plönturnar eru teknar upp snemma vors, áður en þær laufgast. Áður en þær eru teknar upp, eru þær klipptar niður, þannig að 15 - 20 cm stilkur sé skilinn eftir. Aspir eru þó ekki klipptar niður. Við upptökuna er best að stinga báðum megin við plönturnar með góðri skóflu og lyfta þeim síðan upp. Þegar losnar um plöntuna má taka gætilega í stilkinn með annarri hendi og losa hana þannig með hjálp skóflunnar. Gæta þarf þess að rífa ekki plönturnar upp úr jörðinni heldur eiga þær að losna án átaka.

Að lokinni upptöku á að gróðursetja plönturnar sem fyrst á endanlegan stað. Við flutninginn þarf að gæta þess vandlega að rætur plantnanna þorni ekki. Best er að setja þær í plastpoka með mosa. Mosinn er bleyttur vel og síðan eru plönturæturnar lagðar í blauntan mosann ofan í pokanum með stilkinn upp úr. Síðan er bundið fyrir pokann og er þannig hægt að flytja plönturnar milli staða.



Upptaka



Til flutnings í plastpoka með mosa



ISSN 1605-5020

I IIIIII 01
9 "771605 502008 IIIIII

Höfundar: Jón Geir Pétursson, Arnór Snorrason
Teikningar: Aðalsteinn Sv. Sigfússon, Helgi Þórsson

Umsjón: Víðey ehf.